

## 71. Stjórnarfundur Fenúr.

17. febrúar 2005

### Mætt:

Elías Ólafsson

Guðmundur Tr. Ólafsson

Björn Halldórsson

Úlfar Haraldsson

**Staður og stund;** Súðarvogur, kl. 15:00.

### 1. Fundargerð númer 70 samþykkt.

### 2. Skýrsla um viðtal við Umhverfissráðherra.

Elías, Björn og Guðmundur Tryggvi heimsóttu Umhverfissráðherra 26. janúar s.l. Starfsemi Fenúr var kynnt ásamt því var farið yfir hvernig samstarfi við Fenúr hefur verið háttað hingað til. Niðurstaða fundar var meðal annars að Fenúr kæmist ekki inn á fjárlög vegna þess að aðstandendur Fenúr eru ýmsir hagsmunaaðilar en ekki bara félag. Ráðherra tók vel í þann möguleika að styðja einstök verkefni Fenúr eða ferðir sbr. aðalfund ISWA. Farið var yfir væntanlega ráðstefnu í Stokkhólmi á næstunni þar sem sorpsugukerfi verða kynnt. Fenúr flokkunarmerkjunum voru gerð skil, farið yfir hvernig þau eru notuð og hafa reynst.

### 3. Sorpsugufundur.

Björn og Elías munu fara á ráðstefnu um sorpsugukerfi í Stokkhólmi. Björn hefur komið upplýsingum um ráðstefnuna á framfæri við ráðuneyti, lagnafélagið, arkitektafélagið, verkfræðingafélagið og hugar að frekari kynningu. Björn mun koma upplýsingum um ráðstefnuna inn á Fenúr síðuna.

### 4. Fræðsluferð

Guðmundur Tryggvi kynnti möguleika á ferðafyrirkomulagi. IFAT sýningin í Þýskalandi kom til greina en vegna þess naumur tími er til skipulags er fallið frá því að fara þangað. Lagt til að hugmynd að fræðsluferð verði lögð fram á næsta aðalfundi Fenúr.

### 5. Heimasíða.

.....

### 6. Önnur mál

Aðalfundur dagsetning.....

Næsti fundur ákveðinn ..... kl 15:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl .....